

Nd.

558. Nefndarálit

[160. mál]

um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. um nokkurt skeið og hafa fundir verið sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Í nefndinni kom fram sjónarmið um að nauðsynlegt væri að greiða olíustyrk vegna atvinnuhúsnæðis og ýmissa opinberra bygginga annarra en skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 7. gr. Þar sem fjármagn til þessara mála hefur verið ákveðið samkv. fjárlögum, gerir nefndin ekki tillögu um þetta, þar sem slíkt framlag kæmi þá til lækkunar öðrum styrkjum.

Breytingartillaga kom fram á þskj. 463. Nefndin getur ekki mælt með samþykkt hennar og verður nánari grein gerð fyrir ástæðum þess í framsögu.

Breytingartillaga kom fram á þskj. 550 um að greiðslur fari fram innan ákveðins tíma. Ekki þykir rétt að festa slíkt í lög að svo komnu máli, en nauðsynlegt er að setja um það ákvæði í reglugerð til þess að tryggja að ekki verði dráttur á að styrkurinn verði greiddur til móttakanda. Fjármálaráðuneytið greiðir styrkinn reglulega samkv. upplýsingum þaðan.

Athygli nefndarinnar beindist einkum að ákvæðum 15. gr. frv. Greininni er ætlað að tryggja að ekki dragi úr áhuga við nýtingu hagkvæmra innlendra orkugjafa vegna styrks til húshitunar með olíu. Nefndinni þykir nauðsynlegt að settar verði reglur um framlög til varmaveitna sem eru „þjóðhagslega hagkvæmar“, en eru fyrst í stað ekki samkeppnisfærar við húshitun með olíu að frádregnum olíustyrk. Nefndin telur að hér verði eingöngu um undantekningartilvik um takmarkaðan tíma að ræða. Til viðmiðunar í þessu sambandi vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Greiða má tímabundið framlag til varmaveitna, sem starfa á vegum opinberra aðila og hafa samþykktar gjaldskrár, sem fela í sér hærra orkuverð en nemur húshitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, en lægra en nemur olíuhitunarkostnaði. Framlagið miðist við það að hjá varmaveitum, þar sem hitunarkostnaður fer fram úr 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, er heimilt að greiða viðkomandi varmaveitu sem nemur 90% af þeim mun sem þannig myndast. Framlagið má þó ekki vera hærra en sem nemur þeim olíustyrk, er fallið hefði til íbúa þeirra húsa sem tengd eru slíkum veitum. Framlaginu skal fyrst og fremst varið til að lækka stofnkostnað viðkomandi veitu. Matið á gjaldskrá og samamburður við olíuverð skal miðast við samræmdar reglur sem iðnaðarráðuneytið setur um viðmiðunarhúsnæði, dreifingu stofnkostnaðar, fjármagnskostnað, ákvörðun heimæðagjalds sem hlutfalls af stofnkostnaði og annarra atriða er máli skipta.

Nefndin er sammála um að óska eftir að Alþingi verði gerð grein fyrir framkvæmd laganna fyrir þinglok 1981.

Með tilvísun til framanritaðs leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 17. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Karvel Pálmason,
með fyrirvara.

Ingólfur Guðnason,
fundaskr.

Sverrir Hermannsson,
með fyrirvara.

Guðm. J. Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen,
með fyrirvara.